

Kæri tónleikagestur!

Í kvöld munuð þið fá að njóta jólatónlistar í margvíslegum búningi. Karlakór Kjalnesinga sem fagnar 20 ára afmæli sínu í vor syngur fyrst lög af geisladisknum *Kemur heilög hátíð* en flytur síðan nýjar útsetningar stjórnandans af nýrri jólalögum. Freyjukórinn úr Borgarfirði tekur þátt í að gera þessa stund enn fjölbreyttari og syngur nokkur lög, bæði einn og svo sem hluti af sameiginlegum blönduðum kór. Freyjukórinn fagnar einnig 20 ára starfsafmæli í vetur og syngur hér undir stjórn Zsuzsönnu Budai sem hefur stjórnað kórnum frá 1998 er Bjarni Guðráðsson fyrsti stjórnandi kórsins lét af störfum.

Einsöngvarar kvöldsins eru Jóhannes Freyr Baldursson og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Jóhannes gekk í karlakórinn fyrir 8 árum og Ólöf Kolbrún er löngu landskunn fyrir söng og söngkennslu og hefur raddþjálfað Karlakór Kjalnesinga frá hausti 2009.

Karlakór Kjalnesinga og Freyjukórinn þakkar ykkur fyrir komuna og óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Páll Helgason, stjórnandi Karlakórs Kjalnesinga

Páll hóf nám í tónfræðum við Tónlistarskólann í Mosfellsbæ árið 1978 hjá Ólafi Vigni Albertssyni og lauk burtfararprófi 1985. Páll hefur haft mikil áhrif í söng- og menningarlíf í Kjósinni, Kjalarnesi og Mosfellsbæ og hefur stofnað og stýrt nokkrum kórum auk þess að leika á hljóðfæri við ýmis tækifæri. Páll hefur verið stjórnandi Karlakórs Kjalnesinga frá upphafi.

Zsuzsanna Budai, stjórnandi Freyjukórsins

Zsuzsanna Budai fæddist í Ungverjalandi 1964 og lauk prófi frá Tónlistarháskólanum í Budapest árið 1988. Hún flutti í Borgarnes 1997 og kennir þar píanóleik við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og undanfarna tvo vetur hefur hún einnig starfað við Tónlistarskóla Akraness sem undirleikari söngdeildar. Zsuzsanna Budai hefur verið stjórnandi Freyjukórsins frá 1998.

Einsöngur

Jóhannes Freyr Baldursson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir


Hljóðfæraleikur

Kitty Kovács píanó og orgel, Bálazs Stankowsky fiðla, Benedikt Brynleifsson trommur, Daði Einarsson básúna, Helgi Pálsson trompet, Jón Bjarni Jónsson bassi, Jón Elfar Hafsteinsson gítar, Sigríður Indriðadóttir flauta.

www.karlakor.is



Karlakór Kjalnesinga og Freyjukórinn úr Borgarfirði



Jólatónleikar í Langholtskirkju
8. desember 2010



Efnisskrá

Karлакór Kjalnesinga

Kemur heilög hátíð	Lag Fr. Schubert – Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka
Ljóssins faðir	Úr "Psalmodia Sacra" - Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka, úts. Páll Helgason
Jesús, þú ert vort jólaljós	C.E.F. Weyse - Valdimar Briem
Það aldin út er sprungið	15. öld/Köln 1599 – Matthías Jochumsson, úts. M. Praetorius 1609
Pakkarbæn	Hollenskt lag – Óskar Ingimarsson

Freyjukórinn

Með gleðiraust	Íslenskt þjóðlag – Magnús Stephensen
Ó, Jesúbarn	Eyþór Stefánsson – Jakob Jóh. Smári
Það á að gefa börnum brauð	Jórunn Viðar – Jólalúla

Báðir kórar

Fögur er foldin	Þjóðlag frá Schlesiú – Matthías Jochumsson, úts. Anders Öhrwall
Er jólaljósinn ljóma	Þýskt þjóðlag – Sigurjón Guðjónsson, úts. Anders Öhrwall
Hevenu shalom alechem	Þjóðlag - Erlendur texti, úts. Magnús Ingimarsson

HLÉ

Geisladiska Karlakórs Kjalnesinga; Kemur heilög hátíð, Sönghesta og Glaðning, verður hægt að kaupa á vægu verði.



Freyjukórinn

Jól, jól, skínandi skær	Gustav Nordquist – Reynir Guðsteinsson, úts. Carl B. Agnestic
Jólin allstaðar	Jón Sigurðsson – Jóhanna G. Erlingsson
Þorláksmessukvöld	Mel Torme – Þorsteinn Eggertsson
Hátíð í bæ	Felix Bernard – Ólafur Gaukur

Karлакór Kjalnesinga

Nella Fantasia	Chiara Ferrau - Ennio Morricone
Hin fyrstu jól	Einsöngur: Jóhannes Freyr Baldursson Ingibjörg Þorbergs – Kristján frá Djúpalæk, úts. Magnús Ingimarsson
Á dimmri nóttu	Richard S. Willis – Hjálmar Jónsson, úts. Páll Helgason
It's Beginning to Look a Lot Like Christmas	M. Willson – Meredith Willson, úts. Páll Helgason
Jólasnjór	Livingstone/Evans – Jóhanna G. Erlingsson, úts. Páll Helgason
Frá ljósanna hásal	Jóla- og ljólag frá 18. öld – ljóð Jens Hermannsson
Ave María	Sigvaldi S. Kaldalóns - Indriði Einarsson, úts. Garðar Cortes Einsöngur: Ólöf Kolbrún Harðardóttir
Heims um ból	Franz Grüber - Sveinbjörn Egilsson

Gleðileg jól

